

Framkvæmd fjárlaga
fyrstu sex mánuði ársins 1993

Ágúst 1993

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Helstu niðurstöður	4
Markmið fjárlaga fyrir árið 1993.....	9
Greiðsluafkoma A-hluta ríkissjóðs á fyrri helmingi ársins 1993.....	12
Rekstrarafkoma A-hluta ríkissjóðs fyrri hluta árs 1993 í samanburði við greiðsluáætlanir og sama tímabil árið 1992	15
Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrri helmingi ársins 1993.....	16
Gjöld í samanburði við greiðsluáætlanir fjárlaga á fyrri hluta ársins 1993	18
Innheimtar tekjur fyrstu sex mánuði ársins 1993 í samanburði við sama tímabil ársins 1992	21
Gjöld fyrri hluta ársins 1993 í samanburði við sama tímabil árið 1992	25
Tilflutningur fjárheimilda milli fjárlagaáranna 1992/1993.....	30
Framkvæmd lánsfjárlaga fyrir árið 1993.....	32
Launakostnaður A-hluta ríkissjóðs fyrri hluta árs 1993 í samanburði við sama tímabil 1992.....	34
Útgjöld almannatrygginga á fyrri hluta árs 1993 í samanburði við sama tímabil árið 1992	35
Afkomuhorfur A-hluta ríkissjóðs í árslok 1993.....	38

Inngangur

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun, ber stofnuninni að fylgjast með framkvæmd fjárlaga. Skýrsla sú sem hér birtist fjallar um framkvæmd fjárlaga fyrstu sex mánuði ársins 1993.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir afkomu ríkissjóðs á fyrri helmingi ársins 1993 og hún borin saman við áætlanir innan ársins og rekstrarafkomu hans á sama tímabili á árinu 1992. Gerð er grein fyrir þróun launakostnaðar hjá A-hluta ríkissjóðs á fyrstu sex mánuðum ársins og hún borin saman við þróun hans á sama tímabili í fyrra og enn fremur þróun útgjalda til almannatrygginga. Loks er lagt mat á afkomu A-hluta ríkissjóðs í árslok 1993.

Helstu niðurstöður

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum athugunar á afkomu A-hluta ríkissjóðs á fyrri helming ársins 1993 og mat á afkomu í lok ársins.

Lánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs á fyrri helmingi ársins 1993

- ◆ Heildarlánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs í júnílok 1993 nam 12,5 milljörðum króna í samanburði við 16,0 milljarða króna á sama tímabili í fyrra. Minni lánsfjárförf skýrist einkum af lægri afborgunum af teknum lánnum ríkissjóðs. Framlag ríkissjóðs til eflingar eiginfjárstöðu Landsbanka Íslands að fjárhæð 2,0 milljarðar króna samkvæmt skuldabréfi útgefnu í maí sl. er talið með í lánsfjárförf ríkissjóðs í ár. Skuldabréfið hafði hins vegar ekki verið fært upp í ríkisbókhalda og telur Ríkisendurskoðun það aðfinnsluvert. Áætlanir fyrstu sex mánuði ársins gerðu ráð fyrir að lánsfjárförfin yrði tæpum 600 milljónir króna hærrí en raun varð á.
- ◆ Lántökur ríkissjóðs námu 12,0 milljörðum króna á fyrri hluta þessa árs samanborið við 13,3 milljarða króna á sama tímabili ársins 1992. Innland lántaka nam 7,0 milljörðum króna og hefur lækkað um 2,9 milljarða króna frá fyrra ári og erlend lántaka nam 5,0 milljörðum króna en nam 3,4 milljörðum króna fyrstu sex mánuði ársins 1992. Lántökur urðu 1,4 milljörðum króna hærrí á fyrri hluta ársins en áætlanir fyrir sama tímabil.
- ◆ Hrein lánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs að frádregnum afborgunum tekinna lána nam 8,0 milljörðum króna á fyrri hluta ársins 1993 í samanburði við 8,6 milljarða króna á sama tímabili í fyrra. Hrein lánsfjárförf varð tæplega 1,0 milljarði króna lægri en áætlanir fyrir hluta ársins sögðu til um.

Afkoma ríkissjóðs fyrri helming ársins 1993

- ◆ Samanburður á afkomu A-hluta ríkissjóðs samkvæmt yfirliti frá ríkisbókhaldi í júnílok 1993, án framlags ríkissjóðs til Landsbanka Íslands og uppkaupa á fullvirðisrétti við greiðsluáætlanir fyrir sama tímabil sýnir að:
 - Rekstrarhalli A-hluta ríkissjóðs nam 3,6 milljörðum króna á fyrstu sex mánuðum ársins 1993 sem er 261 milljón króna hærri fjárhæð en greiðsluáætlanir fyrir sama tímabil gerðu ráð fyrir. Tekjur námu 50,7 milljörðum króna og eru tæpum 1,0 milljarði króna lægri en áætlað var að innheimtust á fyrri hluta ársins 1993. Gjöldin námu 54,3 milljörðum króna og urðu 700 milljónum króna lægri en gert var ráð fyrir í greiðsluáætlunum fyrstu sex mánuði ársins.
 - Frávik innheimtra tekna frá greiðsluáætlunum kemur fram í minni óbeinum sköttum að fjárhæð 0,8 milljarðar króna og í minni beinum sköttum að fjárhæð tæpir 0,2 milljarðar króna. Frávik gjalda frá greiðsluáætlunum skiptist annars vegar í 2,2 milljarða króna umframgreiðslur til stofnana og hins vegar í óhafin framlög að fjárhæð 2,9 milljarðar króna.
 - Greiðsluafkoma ríkissjóðs var jákvæð um 2,0 milljarða króna en áætlanir gerðu ráð fyrir greiðsluhalla að fjárhæð 710 milljónir króna. Greiðsluafkoman var þannig rúmum 2,7 milljörðum króna betri en greiðsluáætlanir fyrir sama tímabil gerðu ráð fyrir og skýrist einkum af meiri lántökum og hærri afborgunum veittra lána.
- ◆ Samanburður á afkomu A-hluta ríkissjóðs á fyrri hluta ársins 1993 við sama tímabil fyrra árs leiðir eftirfarandi í ljós:
 - Rekstrarhalli A-hluta ríkissjóðs hefur aukist um rúmar 730 milljónir króna. Sé miðað við fast verðlag hefur hallinn aukist um tæpa 0,6 milljarða króna. Tekjur ríkissjóðs hafa dregist saman að raunvirði um 2,6 milljarða króna eða um 4,9% en

gjöldin hafa aftur á móti lækkað um tæpa 2,0 milljarða króna eða sem svarar til 3,5% að raunvirði.

- Raunlækkun tekna má einkum rekja til 0,7 milljarða króna minni innheimtu beinna skatta og af 1,6 milljarða króna minni innheimtu óbeinna skatta. Raunlækkun gjalda skýrist af lækkun tilfærslna um 2,1 milljarð króna og lækkun útgjalda almannatryggingakerfisins um tæpa 0,5 milljarða króna. Launa- og rekstrarútgjöld jukust hins vegar um 0,7 milljarða króna milli fyrri helminga áráanna 1992 og 1993.
- Greiðsluafkoma A-hluta ríkissjóðs á fyrstu sex mánuðum ársins 1993 var 2,7 milljörðum króna betri en hún var á sama tímabili ársins 1992. Bætt greiðsluafkoma skýrist af því að afborganir lána urðu 3,4 milljörðum króna lægri í ár en á sama tímabili í fyrra. Lántökur ríkissjóðs urðu hins vegar 1,2 milljörðum króna lægri á fyrri helming ársins 1993 en þær voru á sama tímabili í fyrra.
- ◆ Með frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 1992 sem samþykkt var á Alþingi í desember sl. fylgdi yfirlit um flutning inneigna og skulda A-hluta stofnana frá árinu 1992 til ársins 1993. Þar er um að ræða flutning á rekstrarinneign stofnana að fjárhæð 912 milljónir króna og rekstrarskuldum að fjárhæð 780 milljónir króna. Þá eru stofnkostnaðarframlög að fjárhæð 739 milljónir króna flutt milli ára. Þannig eru rúmar 870 milljónir króna af fjárheimildum ársins 1993 fluttar frá fyrra ári. Að mati Ríkisendurskoðunar munu rúmar 540 milljónir króna af greiðslu rekstrarskulda stofnana ekki ná fram að ganga á árinu 1993. Þá liggur fyrir að tæplega 560 milljónir króna af þeim 1,0 milljarði sem ríkisstjórnin veitir til atvinnuskapandi aðgerða á þessu ári eru vegna verkefna sem ekki var ráðist í á síðasta ári og eru þannig hluti af tilflutningi fjárheimilda til þessa árs.
- ◆ Í lánsfjárlögum fyrir árið 1993 er fjármálaráðherra heimilað að taka lán allt að fjárhæð 15.970 milljónir króna. Innlend lántaka er áætluð 10.300 milljónir króna og erlend lántaka 5.670 milljónir

króna. Heildarlánsfjárförf ríkissjóðs er þannig áætluð tæpir 16,0 milljarðar króna á árinu 1993. Þar af er fjármálaráðherra heimilað að endurlána 5,8 milljarða króna. Lántökur ríkissjóðs til loka júnímánaðar án lántöku vegna sérlaga námu 10,3 milljörðum króna og hefur ríkissjóður endurlánað tæpa 2,8 milljarða króna.

- ◆ Athugun Ríkisendurskoðunar á breytingu á reiknuðum ársverkum og launakostnaði A-hluta ríkissjóðs fyrri hluta þessa árs sýndi að ársverkum hafði fækkað um 203 frá fyrri hluta ársins 1992. Minnkun dagvinnu svaraði til 152 ársverka og yfirvinnu til 51 ársverks. Launakostnaður A-hluta ríkissjóðs jókst hins vegar um rúmar 170 milljónir króna sem skýrist af afturvirkum launabótum til BHMR-félaga í kjölfar kjarasamninga og sérstökum launabótum til lögreglumanna og sjúkraliða vegna sérsamninga þessara aðila. Að teknu tilliti til þessa svarar raunlækkun launakostnaðar A-hluta ríkissjóðs til um 100 milljóna króna.
- ◆ Útgjöld Tryggingastofnunar ríkisins vegna almannatrygginga lækkuðu um 545 milljónir króna að raunvirði milli fyrri hluta árána 1992 og 1993. Lækkunin kemur fram hjá sjúkratryggingum sem lækkuðu um 595 milljónir króna að raunvirði. Útgjöld lífeyristrygginga hækkuðu lítillega að raunvirði eða um 53 milljónir króna en útgjöld slysatrygginga voru svo til óbreytt að raunvirði í júnílok 1993 samanborið við fyrra ár.

Afkomuhorfur A-hluta ríkissjóðs í árslok 1993

Ríkisendurskoðun hefur reynt að leggja mat á afkomu A-hluta ríkissjóðs í árslok 1993 út frá þeim forsendum að ríkisstjórnin taki engar nýjar ákvarðanir í ríkisfjármálum og að verðlags- og launaþróun haldist innan viðmiðunarmarka.

Að öllu óbreyttu telur Ríkisendurskoðun að lánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs stefni í að verða um 23,0 til 23,5 milljarðar króna á árinu 1993 sem er 7,5 til 8,0 milljörðum króna hærra en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Rekstrarhalli A-hluta ríkissjóðs í árslok stefnir í að verða á bilinu 14,0-14,5 milljarðar króna. Meginskýringin á auknum

rekstrarhalla liggur í 3,5 milljarða króna minni tekjum ríkissjóðs en áætlað var fyrir í fjárlögum. Þá gerir stofnunin ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs verði nettó um 4,5 til 5,0 milljörðum króna hærra en áætlað var í upphafi ársins. Þar af nemur framlag til eflingar eiginfjárstöðu Landsbanka Íslands, sem greitt var með skuldabréfi útgefnu í maímánuði sl., 2,0 milljörðum króna.

Markmið fjárlaga fyrir árið 1993

Í fjárlögum fyrir árið 1993 var stefnt að eftirfarandi markmiðum:

- ◆ Að heildarlánsfjárförf ríkissjóðs verði um 15,4 milljarðar króna og innheimtar afborganir nemi um 6,4 milljörðum króna. Þannig er áætlað að hrein lánsfjárförf ríkissjóðs á árinu 1993 verði um 9,0 milljarðar króna.
- ◆ Að rekstrarhalli ríkissjóðs verði um 6,2 milljarðar króna.
- ◆ Að heildarlánsfjárförf opinberra aðila verði um 48,6 milljarðar króna og að innheimtar afborganir nemi um 27,0 milljörðum króna. Þannig er áætlað að hrein lánsfjárförf opinberra aðila verði um 21,6 milljarðar króna.
- ◆ Að unnt verði að mæta um 60% af heildarlánsfjárförf hins opinbera með innlendum lántökum. Þannig er gert ráð fyrir að 29,7 milljarða króna verði aflað með innlendum lántökum og 18,9 milljarða króna með erlendum lántökum.

Í athugasemdum við fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1993 segir m.a.: „Fjárlagafrumvarp ársins 1993 mótast eðli máls samkvæmt mjög af ríkjandi efnahagsaðstæðum og horfum í ríkisfjármálum á yfirstandandi ári. Í frumvarpinu felst halli sem nemur 6,2 milljörðum króna og er rúmlega 1 1/2% af vergri landsframleiðslu“. Þá segir að ríkisstjórnin hafi valið ákveðnar leiðir til þess að hefta vöxt ríkisútgjalda. Rofin verði sjálfvirkni útgjalda á mörgum sviðum og notendum ætluð aukin þátttaka í kostnaði hvort heldur þar eiga í hlut fyrirtæki eða einstaklingar. Fullyrt er að eitt helsta verkefni á sviði ríkisfjármála næstu ár sé að móta framtíðarstefnu í heilbrigðis- og tryggingamálum sem tryggi hvort tveggja, örugga velferð og þjónustu og betri nýtingu á almannafé.

Þá er í athugasemdum við frumvarpið greint frá verkefnum á sviði skattamála og annarra mála á tekjuhlið. Það helsta í því efni er talið eftirfarandi:

- ◆ Breytingar á virðisaukaskatti með lækkun skatthlutfalls og breikkun skattstofns.
- ◆ Breytingar á lögum um tekjuskatt félaga þar sem áformað er að lækka skatthlutfall tekjuskatts úr 45% í 33% og breikka skattstofninn.
- ◆ Að mæta tekjutapi ríkissjóðs vegna niðurfellingar jöfnunargjalds á árinu 1992 með því að hækka vörugjald.
- ◆ Þá er áætlað að tekjur ríkissjóðs af sölu eigna og arðgreiðslur frá ríkisfyrirtækjum munu aukast. Mikilvægt skref verður stigið í þá átt að öll stærri fyrirtæki ríkisins skili arði í ríkissjóð.

Helstu áhersluatriði er varða gjaldahlið frumvarpsins eru:

- ◆ Að áfram verði lögð áhersla á að bæta þjónustu ríkisins ekki síst á sviði mennta- og velferðamála og reynt að fyrirbyggja sjálfvirka kostnaðaraukningu. Að auka valdadreifingu og tryggja stjórnendum ríkisfyrirtækja svigrúm til að nýta sem best takmarkað ráðstöfunarfé.
- ◆ Að unnið verði áfram að áformum sem mótuð voru á sl. ári um einkavæðingu ýmissa fyrirtækja í eigu ríkisins.
- ◆ Að móta skýra launa- og starfsmannastefna.
- ◆ Að leita hagræðingar á sem flestum sviðum.

Í meðförum Alþingis á frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1993 jókst áætlaður rekstrarhalli ríkissjóðs um 44 milljónir króna.

Heildartekjur ríkissjóðs voru áætlaðar í frumvarpinu 104,8 milljarðar króna og er það svo til sama fjárhæð og er í fjárlögum 1993. Hins vegar voru gerðar breytingar á einstaka teknaliðum við 3ju umræðu fjárlagafrumvarpsins á Alþingi. Tekju- og eignaskattar voru hækkaðir um 470 milljónir króna. Óbeinir skattar lækkuðu um 255 milljónir króna og aðrar tekjur um 234 milljónir króna. Þannig urðu nettó áhrif framangreindra breytinga til lækkunar á tekjuhlið frumvarpsins um 19 milljónir króna. Þessu til viðbótar var tekjuskattur einstaklinga hækkaður er nemur rúmlega 4,0 milljörðum króna til að mæta niðurfellingu aðstöðugjalds sem sveitarfélögin lögðu á. Ekki er gerð sérstök grein fyrir þessari aukningu tekjuskatts einstaklinga og greiðslu tekjuskattsaukans til sveitarfélaga í fjárlögum ársins 1993.

Heildargjöld ríkissjóðs voru áætluð í frumvarpinu 111,0 milljarðar króna og hækkuðu í meðförum Alþingis um 25 milljónir króna. Breytingar á helstu útgjaldaliðum voru þær að rekstrarútgjöld ríkissjóðs voru hækkuð um 270 milljónir króna og viðhaldskostnaður um 113 milljónir króna eða samtals 383 milljónir króna. Til að mæta þessari útgjaldaaukningu var stofnkostnaður lækkaður um 358 milljónir króna.

Við afgreiðslu Alþingis á lánsfjárlögum fyrir árið 1993 í janúarmánuði s.l. voru lántökuheimildir til handa fjármálaráðherra hækkaðar um 570 milljónir króna, þar af vegna A-hluta ríkissjóðs um 400 milljónir króna og 170 milljónir króna vegna endurlána.

Greiðsluafkoma A-hluta ríkissjóðs á fyrri helmingi ársins 1993

Heildarlánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs í júnílok 1993 nam 12,5 milljörðum króna samanborið við 16,0 milljarða króna á sama tímabili í fyrra. Minni lánsfjárförf í ár að fjárhæð 3,5 milljarðar króna skýrist fyrst og fremst af lægri afborgunum af teknum lánum ríkissjóðs. Framlag ríkissjóðs að fjárhæð 2 milljarðar króna til eflingar eiginfjárstöðu Landsbanka Íslands, sbr. lög nr. 16/1993, er talið með í heildarlánsfjárförfinni í ár. Framlagið var greitt af ríkissjóði með skuldabréfi, útgefnu af fjármálaráðherra hinn 28. maí s.l. Skuldabréfið hafði ekki verið fært upp í ríkisbókhaldi í júnílok sl. og er það aðfinnsluvert.

Lántökur ríkissjóðs námu alls 12,0 milljörðum króna. Innlend lántaka að meðtalinni lántöku vegna Landsbanka Íslands nam 7,0 milljörðum króna. Á fyrstu sex mánuðum ársins 1992 námu innlendar lántökur 9,9 milljörðum króna. Hlutur innlends lánsfjár í heildarlántökum ríkissjóðs á fyrri helmingi beggja árána var svipaður eða um 71%. Erlendar lántökur námu 5,0 milljörðum króna á fyrri helming þessa árs samanborið við 3,4 milljarða króna á sama tímabili 1992.

Hrein lánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs þegar afborganir tekinna lána ríkissjóðs hafa verið dregnar frá, nemur 8,0 milljörðum króna í júnílok í ár samanborið við 8,6 milljarða króna á sama tímabili 1992.

Fjárhæð m.kr.	Reikningur 1993	Fjárheimild 1993	Reikningur 1992
Lánsfjárförf (brúttó)	12.518	13.085	16.028
- Afborganir veittra lána	- 2.576	- 1.775	- 2.128
	9.942	11.310	13.900
- Afborganir tekinna lána	- 1.924	- 2.340	- 5.330
Hrein lánsfjárförf	8.018	8.970	8.570

Áætlanir um lántökur til júníloka 1993 gerðu ráð fyrir því að þær næmu 10,6 milljörðum króna að meðtalinni lántöku vegna Landsbanka Íslands. Lántökur urðu hins vegar 1,4 milljörðum króna hærri en áætlanir gerður ráð fyrir. Erlendar lántökur urðu 1,1 milljarði króna hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir en sala spariskírteina, ríkisvíxla og verðbréfa var 345 milljónum króna lægri. Þá var í áætlunum ekki gert ráð fyrir rúmlega 600 milljóna króna lántökum vegna uppkaupa á fullvirðisrétti. Afborganir veittra lána ríkissjóðs urðu 800 milljónum króna hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Ríkissjóður hafði þannig alls til ráðstöfunar á fyrri hluta ársins 14,6 milljarða króna. Samkvæmt yfirliti ríkisbókhalds var á fyrstu sex mánuðum þessa árs ráðstafað 3,6 milljörðum króna til að mæta rekstrarhalla A-hluta ríkissjóðs sem er 261 milljón króna hærri fjárhæð en gert var ráð fyrir. Þá eru að mati Ríkisendurskoðunar 2,4 milljarðar króna útgjöld ógjaldfærð. Þar er annars vegar um að ræða framlag ríkissjóðs til Landsbanka Íslands að fjárhæð 2,0 milljarðar króna og hins vegar útgáfa skuldabréfa til uppkaupa á fullvirðisrétti að fjárhæð um 600 milljónir króna að fráðreginni gjaldfærslu ársins að fjárhæð um 200 milljónir króna. Afborganir lána voru 416 milljónum króna lægri en gert var ráð fyrir. Veitt lán voru 876 milljónum króna minni en áætlanir gerðu ráð fyrir og hlutafé, stofnframlög og viðskiptareikningar voru tæplega 300 milljónir króna innan áætlana.

Í heild sinni gerðu áætlanir janúar til júní 1993 ráð fyrir greiðsluhalla hjá A-hluta ríkissjóðs að fjárhæð 710 milljónir króna en í raun varð greiðsluafgangur að fjárhæð 2,0 milljarðar króna. Helstu frávik eru þau að lántökur og afborganir veittra lána urðu 2,2 milljörðum króna hærri en ráðstöfun fjár varð tæpum 600 milljónum króna lægri en áætlun til júníloka 1993 áformaði.

Fjárstreymi A-hluta ríkissjóðs

Tímabilið janúar til júní 1993

Fjárh. í m.kr.	Reikn. 1993	Fjárheim. 1993	Frávik	Reikn. 1992	Frávik 92/93
Uppruni:					
Lántökur					
Spariskírteini	3.300	3.500	-200	2.499	801
Önnur innlend fjáröflun	633	0	633	7	626
Erlendar lántökur	5.014	3.920	1.094	3.361	1.653
	8.947	7.420	1.527	5.867	3.080
Ríkisbréf og -vixlar nettó	1.035	1.180	-145	4.726	-3.691
	9.982	8.600	1.382	10.593	-611
Aðrar lántökur	2.000	2.000	0	2.642	-642
Lántökur alls	11.982	10.600	1.382	13.235	-1.253
Afborganir veittra lána	2.576	1.775	801	2.128	448
Uppruni alls	14.558	12.375	2.183	15.363	-805
Ráðstöfun:					
Til rekstrar skv. yfirliti	3.634	3.373	261	2.900	734
Afborgun lána	1.924	2.340	-416	5.330	-3.406
Veitt lán	2.863	3.739	-876	3.372	-509
Hlutfjár. og stofnfé	159	333	-174	174	-15
Viðskiptar. nettó	1.187	1.300	-113	1.610	-423
	9.767	11.085	-1318	13.386	-3.619
Beinar lántökur til gjaldf.	2.751	2.000	751	2.642	109
Ráðstöfun alls	12.518	13.085	-567	16.028	-3.510
Breyt. á handbæru fé	2.040	-710	2.750	-665	2.705

Rekstrarafkoma A-hluta ríkissjóðs fyrri hluta árs 1993 í samanburði við greiðsluáætlanir og sama tímabil árið 1992

Samkvæmt yfirliti frá ríkisbókhaldi um fjármál A-hluta ríkissjóðs varð rekstrarhalli fyrstu sex mánuði ársins 1993 3,6 milljarðar króna. Greiðsluáætlanir fyrir sama tímabil gerðu ráð fyrir að hallinn næmi 3,4 milljarði króna. Rekstrarhalli A-hluta ríkissjóðs varð þannig 261 milljón króna hærrí en áætlað hafi verið. Frávikið skýrist annars vegar af tæplega 1,0 milljarða króna lægri tekjum en áætlað var að myndu innheimtast á fyrri hluta ársins 1993. Hins vegar urðu gjöldin rúmum 700 milljónum króna lægri en gert var ráð fyrir í greiðsluáætlunum fyrstu sex mánuði ársins.

Tekjur námu 50,7 milljörðum króna fyrri hluta ársins 1993. Hafa þær dregist saman um 1,1 milljarð króna frá fyrra ári eða sem nemur 2,1%. Gjöld námu 54,3 milljörðum króna og eru þau tæpum 370 milljónum króna lægri en á fyrri hluta ársins 1992 eða sem svarar til 0,7%. Rekstrarhalli fyrstu sex mánuði ársins 1993 nam því 3,6 milljörðum króna í samanburði við 2,9 milljarða króna halla á sama tímabili ársins 1992. Þannig hefur afkoma A-hluta ríkissjóðs versnað um rúmar 730 milljónir króna á fyrri hluta þessa árs sé miðað við fyrri hluta ársins 1992.

Rekstrarafkoma fyrri hluta árs 1993 í samanburði við sama tímabil árið 1992.

Í milljónum króna	Útkoma	Framr.	Útkoma	Frávik	Frávik		
	1992	1992	1993	m.kr.	%	m.kr.	%
Tekjur	51.764	53.271	50.663	-1.101	-2,1	-2.608	-4,9
Gjöld	54.664	56.287	54.297	-367	-0,7	-1.990	-3,5
Gjöld umfram tekjur	2.900	3.016	3.634	-734	25,3	-618	-20,5

Tekjur A-hluta ríkissjóðs hafa á föstu verðlagi dregist saman um 2,6 milljarða króna eða um 4,9% að raunvirði milli fyrri hluta áranna 1992 og 1993. Gjöld A-hluta ríkissjóð hafa hins vegar dregist saman um tæpa 2,0 milljarða króna á fyrri hluta ársins 1993 í samanburði við 1992 eða um 3,5% að raunvirði. Þannig hefur rekstrarhalli A-hluta

ríkissjóðs aukist um 618 milljónir króna að raunvirði milli fyrri hluta árána 1992 og 1993.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrri helmingi ársins 1993

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrri helmingi ársins námu 50.663 milljónum króna og eru þær tæpum 1,0 milljarði lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Í milljónum króna	Útkoma	Áætlun	Frávik	%
Eignaskattur	1.760,6	1.568,8	191,8	12,2
Tekjuskattur einstaklinga	7.936,6	8.427,0	-490,4	-5,8
Tekjuskattur félaga	1.580,0	1.475,6	104,4	7,1
Aðrir beinir skattar	9,9	10,2	-0,3	-2,9
Beinir skattar	11.287,1	11.481,6	-194,5	-1,7
Innflutnings- og vörugjöld	5.750,2	6.088,4	-338,2	-5,6
Tekjur af sölu erl. gjaldeyris	135,4	82,0	53,4	65,1
Virðisaukaskattur	19.288,8	19.890,9	-602,1	-3,0
Skattar af einkasöluvörum	2.830,8	2.860,4	-29,6	-1,0
Skattar af launagreiðslum	4.898,9	4.706,1	192,8	4,1
Aðrir óbeinir skattar	3.387,2	3.434,5	-47,3	-1,4
Óbeinir skattar	36.291,3	37.062,3	-771	-2,1
Vaxtatekjur o.fl.	2.147,3	1.750,4	396,9	22,7
Arðgreiðslur	793,1	1.137,4	-344,3	-30,3
Fjármagnstekjur	2.940,4	2.887,8	52,6	1,8
Sala eigna	34,6	80,0	-45,4	-56,8
Ýmsar tekjur	109,5	138,4	-28,9	-20,9
Aðrar tekjur	144,1	218,4	-74,3	-34,0
Tekjur samtals	50.662,9	51.650,1	-987,2	-1,9

Helstu frávik frá tekjuáætlun fjárlaga eru að tekjuskattur einstaklinga er tæpum 500 milljónum króna undir áætlun eða 5,8%. Þetta skýrist fyrst og fremst af lægri skatttekjum í kjölfar meira atvinnuleysis á fyrri hluta árs en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga.

Innflutnings- og vörugjöld eru tæpum 340 milljónir króna lægri en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir og nemur frávikið 5,6%. Skýringin á þessu er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða umtalsverðan samdrátt í innflutningi og hins vegar voru gerðar ýmsar breytingar á tollalögum og lögum um vörugjald eftir að fjárlög voru samþykkt. Í fjárlögum var gert ráð fyrir að vægi vörugjalda ykist í tekjuöflun ríkissjóðs en mikilvægi tolla minnkaði að sama skapi. Þetta hefur ekki gengið eftir að öllu leyti.

Virðisaukaskattur er rúmum 600 milljónum króna lægri en áætlunir gerðu ráð fyrir og var frávikið 3,0%. Hér virðist samdráttur í innflutningi vega þyngst en miðað við fyrra ár hefur virðisaukaskattur af innfluttum vörum dregist saman um tæpar 600 milljónir króna.

Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur eru tæpum 400 milljónum króna hærri en ráð var fyrir gert og nemur frávikið 22,7%. Þetta skýrist fyrst og fremst af því að innheimta afborgana var mun hærri en ráð var fyrir gert.

Arðgreiðslur eru tæpum 340 milljónum króna lægri en áætlunir gerðu ráð fyrir. Þannig hefur 328 milljón króna arðgreiðsla frá Pósti og síma ekki skilað sér eins og áætlað var og aðeins hafa innheimst 10 milljónir króna af þeim 350 milljónum króna sem áætlað var að aðrar arðgreiðslur skiluðu í ríkissjóð á fyrri hluta ársins. Á móti vegur að hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands nam rúmum 670 milljónum króna sem er 270 milljónum króna hærri fjárhæð en áætlað var.

Gjöld í samanburði við greiðsluáætlanir fjárlaga á fyrri hluta ársins 1993

Útgjöld stofnana í A-hluta fjárlaga á fyrri hluta ársins 1993 námu 54,3 milljörðum króna og eru tæpar 730 milljónir króna innan áætlunar fyrir sama tímabil eða sem nemur 1,3%.

Útgjöld A-hluta ríkissjóðs í samanburði við áætlun fyrri hluta árs 1993.

Ráðuneyti Í milljónum króna	Greitt 1993	Heimild 1993	Mism.	Mism. %	Umfram greitt	Óhafin framlög
Æðsta stjórn ríkisins	517	545	-28	-5,1	14	42
Forsætisráðuneyti	159	164	-5	-3,0	13	18
Menntamálaráðuneyti	9.029	9.182	-153	-1,7	352	505
Utanríkisráðuneyti	760	804	-44	-5,5	43	87
Landbúnaðarráðuneyti	4.023	4.082	-59	-1,4	10	69
Sjávarútvegsráðuneyti	588	599	-11	-1,8	14	25
Dóms- og kirkjum.rn.	2.439	2.684	-245	-9,1	43	288
Félagsmálaráðuneyti	2.160	2.354	-194	-8,2	16	210
Heilbr.- og trygg.m.rn.	22.989	22.178	811	3,7	1.129	318
Fjármálaráðuneyti	7.023	7.457	-434	-5,8	482	916
Samgönguráðuneyti	3.680	4.009	-329	-8,2	23	352
Iðnaðarráðuneyti	547	539	8	1,5	61	53
Viðskiptaráðuneyti	72	79	-7	-8,9	3	10
Hagstofa Íslands	52	59	-7	-11,9	0	7
Umhverfissráðuneyti	259	288	-29	-10,1	8	37
	54.297	55.023	-726	-1,3	2.211	2.937

Umframgreiðslur námu 2,2 milljörðum króna en það eru greiðslur til A-hluta stofnana umfram áætlanir á fyrstu sex mánuðum ársins. Frávikið liggur einkum í rekstri tryggingakerfisins og greiðslu atvinnuleysisbóta. Á móti umframgreiðslum voru óhafin framlög að fjárhæð 2,9 milljarðar króna en það eru þau framlög sem ekki hafa verið nýtt það sem af er árinu. Óhafin framlög koma einkum fram á vaxtakostnaði ríkissjóðs eða rúmar 680 milljónir króna og hjá Vegagerð ríkisins, tæpar 240 milljónir króna. Þá hafa áætluð framlög m.a. til

Lánasjóðs íslenskra námsmanna, alþjóðastofnana og til útgjalda samkvæmt heimildaákvæðum ekki verið nýtt á fyrri hluta ársins.

Eftirfarandi skýringar eru á helstu frávikum útgjalda einstakra ráðuneyta frá greiðsluáætlunum fyrstu sex mánuði ársins 1993.

Greiðslur til menntamálaráðuneytisins voru 153 milljónum króna lægri en áætlað var á fyrstu sex mánuðum ársins eða sem nemur 1,7%. Framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna nam 1.672 milljónum króna og var 90 milljónir króna innan fjárheimilda fyrstu sex mánuði ársins. Alls hafa verið nýtt 94,7% af heildarframlagi ársins til Lánasjóðsins. Þá voru framlög til Þjóðarbókhöðu 46 milljónir króna innan áætlana og til stofnkostnaðar og viðhalds um 41 milljón króna.

Greiðslur til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins voru 245 milljónir króna innan greiðsluáætlana fyrri hluta ársins og skýrist frávikið einkum af ónotuðum fjárveitingum til stofnkostnaðar. Þannig var fjárveiting að fjárhæð 53 milljónir króna vegna húsnæðis og búnaðar dómsmálastofnana ekki nýtt á fyrstu sex mánuðum ársins. Sama á við um 48 milljóna króna ónotaða fjárveitingu til húsnæðis og búnaðar sýslumanna og 34 milljóna króna fjárveitingu til fangelsisbyggingar.

Greiðslur til félagsmálaráðuneytisins voru 194 milljónum króna lægri en greiðsluáætlanir fyrstu sex mánuði ársins sem skýrist einkum af því að útgjöld til málefna fatlaðra voru 105 milljónir króna innan áætlana. Flestir aðrir málefnaflokkar ráðuneytisins voru ennfremur innan greiðsluáætlana á fyrstu sex mánuðum ársins.

Greiðslur til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins fóru 811 milljónir króna fram úr greiðsluáætlunum eða sem nemur 3,7%. Mestu munar þar um útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs sem námu 1.450 milljónum króna á fyrri hluta ársins 1993 og fóru 564 milljónir króna fram úr áætlunum. Útgjöld almannatryggingakerfisins námu 12,5 milljörðum króna á fyrstu sex mánuðum ársins og fóru alls um rúmar 400 milljónir króna fram úr áætlunum. Greiðslur lífeyristrygginga námu 7.575 milljónum króna og fóru 286 milljónir króna fram úr áætlunum og greiðslur sjúkratryggingar námu 4.700 milljónum króna sem er 145

milljónum króna hærra en áætlanir á fyrri hluta ársins. Útgjöld slysatrygginga sem námu 270 milljónum króna voru hins vegar nokkuð innan áætlana eða sem nemur 31 milljón króna. Á móti þessum umframgreiðslum námu óhafin framlög vegna stofnkostnaðar á sjúkrahúsum og læknisbústöðum 63 milljónum króna og hjá Framkvæmdasjóði aldraðra 74 milljónum króna. Þá var rekstur sjúkrahúsanna þriggja í Reykjavík 41 milljón króna innan greiðsluáætlana fyrstu sex mánuði ársins.

Greiðslur til fjármálaráðuneytisins voru 434 milljónir króna lægri en greiðsluáætlanir gerðu ráð fyrir eða sem svarar til 5,8%. Frávikið skýrist einkum af vaxtagjöldum ríkissjóðs sem námu 4.756 milljónum króna fyrstu sex mánuði ársins og voru 683 milljónum króna innan áætlana á fyrri hluta ársins. Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum voru 120 milljónir króna innan áætlana og greiðslur vegna ríkisábyrgða og tjónabóta voru 69 milljónir króna innan þeirra. Hins vegar fóru greiðslur vegna uppbóta á lífeyri 156 milljónum króna fram úr greiðsluáætlunum á fyrri hluta ársins 1993. Þá nemur fjárvöntun vegna launa- og verðlagsmála um 220 milljónum króna einkum vegna kjarasamninga er fólu í sér afturvirkar launabætur til aðildafélaga BHMR sem væru sambærilegar við áður umsamdar launabætur til annarra launþega svo og launabætur til lögreglumanna og sjúkraliða vegna sérsamninga þeirra.

Greiðslur til samgönguráðuneytisins voru 329 milljónir króna innan greiðsluáætlana eða sem nemur 8,2%. Frávikið skýrist einkum af viðhalds- og stofnkostnaði Vegagerðar ríkisins sem var 239 milljónir króna innan áætlana fyrstu sex mánuði ársins. Þá voru greiðslur vegna hafnamála 85 milljónir króna innan greiðsluáætlana.

Innheimtar tekjur fyrstu sex mánuði ársins 1993 í samanburði við sama tímabil ársins 1992

Fyrstu sex mánuði ársins 1993 námu innheimtar tekjur ríkissjóðs 50.663 milljónum króna sem er 1.101 milljón króna lægri upphæð en á sama tímabili 1992 og nemur lækkunin 2,1%. Að raungildi hafa tekjur dregist saman um rúma 2,6 milljarða króna milli ára eða um 4,9%.

Í milljónum króna	1993	1992	Frávik	%
Eignaskattur	1.760,6	1.584,1	176,5	11,1
Tekjuskattur	9.526,5	10.157,4	-630,9	-6,2
Beinir skattar	11.287,1	11.741,5	-454,4	-3,9
Innflutnings- og vörugjöld	5.750,2	5.895,8	-145,6	-2,5
Tekjur af sölu erl. gjaldeyris	135,4	150,8	-15,4	-10,2
Virðisaukaskattur	19.288,8	19.657,7	-368,9	-1,9
Skattar af einkasöluvörum	2.830,8	2.896,8	-66,0	-2,3
Skattar af launagreiðslum	4.898,9	4.759,5	139,4	2,9
Aðrir óbeinir skattar	3.387,2	3.405,4	-18,2	-0,5
Óbeinir skattar	36.291,3	36.766,0	-474,7	-1,3
Vaxtatekjur o.fl.	2.147,3	2.148,5	-1,2	-0,1
Arðgreiðslur	793,1	824,3	-31,2	-3,8
Fjármagnstekjur	2.940,4	2.972,8	-32,4	-1,1
Sala eigna	34,6	171,8	-137,2	-79,9
Ýmsar tekjur	109,5	111,8	-2,3	-2,1
Aðrar tekjur	144,1	283,6	-139,5	-49,2
Tekjur samtals	50.662,9	51.763,9	-1.101,0	-2,1

Helstu frávik á verðlagi hvers árs eru:

Eignaskattar hækka um 176,5 milljónir króna á milli ára eða um 11,1%. Eignaskattur einstaklinga hækkar um 79,5 milljónir króna eða 11,0% og eignaskattur félaga hækkar um 66,2 milljónir króna eða um 11,1%.

Tekjuskattar lækkar um 630,9 milljónir króna á milli ára eða um 6,2%. Tekjuskattur einstaklinga lækkar um rúmar 900 milljónir króna eða 10,3% en tekjuskattur félaga hækkar um tæpar 280 milljónir króna eða 21,4%.

Samdráttur í tekjuskatti einstaklinga skýrist fyrst og fremst af því að þær sérstöku breytingar sem gerðar voru á tekjuskatti hafa ekki skilað þeim tekjuauka á fyrri helmingi ársins sem nauðsynlegur var til að mæta greiðslum til sveitafélaga vegna niðurfellingar aðstöðugjalds og munar þar um 800 milljónir króna. Skýrist þetta m.a. af meira atvinnuleysi og því að innheimta hærri tekjuskatts miðast við laun í fimm mánuði en greiðslur til sveitafélaga miðast við sex mánuði. Þá eru endurgreiðslur um 130 milljónum króna hærri á fyrri helmingi ársins 1993 en á sama tíma í fyrra og munar þar mestu um barnabótaauka en hann er 106 milljónum króna hærri nú en í fyrra.

Innflutnings- og vörugjöld drógust saman um 145,6 milljónir króna milli ára eða um 2,5%. Tollar lækkuðu um 136,6 milljónir króna vegna samdráttar í innflutningi og niðurfelling jöfnunargjalds á árinu 1992 hefur minnkað tekjur ríkissjóðs um 300 milljónir króna á þessu ári miðað við árið á undan. Á móti vegur upptaka á sérstöku vörugjaldi af bensíni frá 1. janúar sl. sem hefur skilað um 310 milljóna króna tekjum á fyrri helmingi þessa árs.

Innheimta virðisaukaskatts á fyrri hluta ársins 1993 er 368,9 milljónum króna lægri en á sama tímabili 1992 og nam samdrátturinn um 1,9%. Virðisaukaskattur af innfluttum vörum er 585,2 milljónum króna lægri nú en á sama tíma í fyrra og er það um 5,4% samdráttur. Virðisaukaskattur af innlendri vörusölu og þjónustu er á hinn bóginn 265,5 milljónum króna hærri nú en í fyrra og nemur aukningin 2,6%. Þá

hafa endurgreiðslur aukist um 4% á milli áráanna 1992 og 1993 eða um 51,9 milljónir króna.

Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur drógust í heild líttilega saman. Dráttarvextir og vextir af skammtímalánum minnkuðu um 266,6 milljónir króna eða 25,8% en vaxtatekjur af langtímalánum jukust um 265,4 milljónir króna eða 23,8%.

Af öðrum sköttum þá eru helstu breytingar þær að tekjur af stimpilgjaldi lækkuðu um 138,0 milljónir króna eða um 12,5%. Bifreiðagjöld hækkuðu hins vegar um 97,5 milljónir króna eða um 6,7%.

Eins og fram hefur komið drógust tekjur ríkissjóðs saman að raungildi um 2,6 milljarða króna fyrstu sex mánuði þessa árs miðað við sama tímabil í fyrra og nemur samdrátturinn 4,9%.

Í milljónum króna	1992 á		Frávik	%
	1993	verðl. 1993		
Beinir skattar	11.287,1	12.015,0	-727,9	-6,1
Óbeinir skattar	36.291,3	37.919,3	-1.628,0	-4,3
Fjármagnstekjur	2.940,4	3.044,5	-104,1	-3,4
Aðrar tekjur	144,1	292,4	-148,3	-50,7
Tekjur samtals	50.662,9	53.271,2	-2.608,3	-4,9

Af einstökum tekjuliðum er samdráttur mestur í tekjuskatti einstaklinga, en hann lækkaði að raungildi um tæpa 1.100 milljónir króna eða um 12,1%. Hér vega þyngst þær 800 milljónir króna sem greiddar voru til sveitarfélaga umfram aukningu á innheimtu tekjuskatts. Ef þau áhrif eru jöfnuð út lækkar tekjuskattur að raungildi um 295 milljónir króna eða 3,3%.

Virðisaukaskattur lækkaði um 977 milljónir króna eða 4,8% og innflutnings- og vörugjöld lækka um 394 milljónir króna eða um 6,7%.

Eignaskattar jukust hins vegar að raungildi um 127,5 milljónir króna eða 7,8% og tekjuskattur félaga jókst um 238,8 milljónir króna eða 17,8%.

Gjöld fyrri hluta ársins 1993 í samanburði við sama tímabil árið 1992

Gjöld A-hluta ríkissjóðs námu 54,3 milljörðum króna á fyrstu sex mánuðum ársins 1993 og eru tæpum 370 milljónum króna lægri en þau voru á fyrri hluta ársins 1992. Lækkun þessi nemur 0,7%. Að raunvirði svarar lækkunin til 2,0 milljarða króna eða sem nemur 3,5%.

Útgjöld A-hluta ríkissjóðs fyrri hluta árána 1992 og 1993.

Í milljónum króna	Útkoma	Framr.	Útkoma	Frávik	Frávik		
	1992	1992	1993	m.kr.	%	m.kr.	%
Laun	12.617	12.951	13.125	508	4,0	174	1,3
Rekstur	11.325	11.679	12.198	873	7,7	519	4,4
Tilfærslur	13.040	13.448	11.308	-1.732	-13,3	-2.140	-15,9
Almannatryggingar	12.660	13.011	12.545	-115	-0,9	-466	-3,6
Vaxtagjöld	4.584	4.750	4.756	172	3,8	6	0,1
Eignakaup	438	447	365	-73	-16,7	-82	-18,4
Samtals gjöld	54.664	56.286	54.297	-367	-0,7	-1.989	-3,5

Lækkun gjalda að teknu tilliti til almennra verðhækkana nam 2,0 milljörðum króna á fyrri hluta árs 1993 miðað við sama tímabil ársins 1992. Frávikið má einkum rekja til eftirfarandi útgjaldaflokka:

- ♦ Laun og rekstrarútgjöld stofnana í A-hluta fjárlaga hækkðu um tæpar 700 milljónir króna. Ársverkum hjá A-hluta ríkissjóðs fækkaði um 203 á fyrri hluta árs 1993 í samanburði við sama tímabil ársins 1992.
- ♦ Tilfærslur lækkðu um 2,1 milljarð króna. Lækkunina má einkum rekja til greiðslna ríkissjóðs vegna búvöruframleiðslunnar er þær lækkðu um 1,5 milljarða króna á fyrri hluta ársins 1993 í samanburði við sama tímabil fyrra árs. Þá lækkðu framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna um rúmar 360 milljónir króna. Á móti þessum útgjaldalækkunum hækkðu greiðslur vegna Atvinnuleysistryggingasjóðs um 450 milljónir króna milli fyrri hluta árána 1992 og 1993. Aukning atvinnuleysisbóta skýrist af

um 5% atvinnuleysi á þessu tímabili í ár í samanburði við tæplega 3% atvinnuleysi á sama tímabili í fyrra.

- ◆ Greiðslur almannatrygginga lækkuðu um tæpar 470 milljónir króna. Frávikið skýrist einkum af lækkun greiðslna sjúkratrygginga um 450 milljónir króna. Lækkunin kemur fram á flestum liðum sjúkratrygginga þ.m.t. lyfjakostnaði og lækna- og tannlæknakostnaði. Greiðslur lífeyris- og slysatrygginga eru hins vegar svo til óbreyttar á fyrri hluta ársins 1993 miðað við árið 1992.
- ◆ Vaxtagreiðslur af lánum ríkissjóðs voru nokkurn veginn óbreyttar að raunvirði milli fyrri hluta áráanna 1992 og 1993 en þær námu 4,7 milljörðum króna.
- ◆ Eignakaup lækkuðu um 80 milljónir króna milli fyrri hluta áráanna 1992 og 1993. Þar af lækkuðu fasteignakaup ríkissjóðs um 50 milljónir króna.

Útgjöld ráðuneyta hafa breyst með eftirfarandi hætti á fyrri hluta ársins 1993 í samanburði við fyrri hluta árs 1992. Við samanburð er rétt að hafa í huga að almenn hækkun verðlags milli tímabilanna var um 3,0%.

Gjöld A-hluta ríkissjóðs fyrri hluta árána 1992 og 1993.

Ráðuneyti Í milljónum króna	Greitt 1993	Greitt 1992	Mismunur '93-'92	Mismunur %
Æðsta stjórn ríkisins	517	481	36	7,5
Forsætisráðuneyti	159	156	3	1,9
Menntamálaráðuneyti	9.029	9.228	-199	-2,2
Utanríkisráðuneyti	760	706	54	7,6
Landbúnaðarráðuneyti	4.023	2.932	1.091	37,2
Sjávarútvegsráðuneyti	588	550	38	6,9
Dóms- og kirkjum.ráðuneyti	2.439	2.237	202	9,0
Félagsmálaráðuneyti	2.160	2.329	-169	-7,3
Heilbr.- og trygg.m.ráðuneyti	22.989	22.250	739	3,3
Fjármálaráðuneyti	7.023	6.847	176	2,6
Samgönguráðuneyti	3.680	3.460	220	6,4
Iðnaðarráðuneyti	547	451	96	21,3
Viðskiptaráðuneyti	72	2.740	-2.668	-97,4
Hagstofa Íslands	52	54	-2	-3,7
Umhverfissráðuneyti	259	243	16	6,6
	54.297	54.664	-367	-0,7

Skýringar á helstu breytingum útgjalda einstakra ráðuneyta á fyrri hluta ársins 1993 frá því sem þau voru á sama tímabili 1992 eru einkum þessar:

Útgjöld menntamálaráðuneytis lækkuðu um 199 milljónir króna eða um 1,9% sem skýrist einkum af því að framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna lækkuðu um 298 milljónir króna miðað við fyrri hluta ársins 1992.

Á árinu 1993 var málaflokkurinn niðurgreiðslur á vöruverði fluttur frá viðskiptaráðuneyti til landbúnaðarráðuneytis en útgjöld vegna þessa liðar námu 2,7 milljörðum króna á fyrstu sex mánuðum ársins 1992. Að teknu tilliti til þessara breytinga lækkuðu greiðslur til landbúnaðarráðuneytisins um 1.577 milljónir króna eða sem nemur 28,1% og kemur lækkunin einkum fram í 1.480 milljóna króna minni greiðslum til búvöruframleiðslunnar. Lækkunin skýrist af niðurfellingu útflutningsuppbóta á mjólkur- og sauðfjárframleiðslu sem samið var um í gildandi búvörusamningi frá árinu 1991.

Útgjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytisins hækkuðu um 202 milljónir króna eða 9,0%. Hækkunin kemur fram á nánast öllum málaflokkum dómsmálaráðuneytisins eða 177 milljónir króna.

Útgjöld félagsmálaráðuneytisins lækkuðu um 169 milljónir króna eða 7,3%. Framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga lækkuðu um 126 milljónir króna og til Byggingarsjós verkamanna um 74 milljónir króna. Þá námu útgjöld vegna ríkisábyrgðar á launum 90 milljónum króna á fyrri hluta ársins 1992 en ekkert hefur verið gjaldfært vegna þessa liðar á árinu 1993. Á árinu 1992 voru samþykkt lög um Ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota og tók sjóðurinn til starfa á miðju ári 1992. Greiðslur úr sjóðnum hafa ekki verið uppfærðar í greiðsluyfirliti Ríkisbókhalds eins og vera ber heldur eru þær færðar sem útgreiðslur á viðskiptareikningi. Námu greiðslurnar um 90 milljónum króna á fyrstu sex mánuðum ársins 1993. Ríkissjóður ábyrgist enn fremur greiðslu orlofslauna og nam sá kostnaður 8 milljónum króna á fyrstu sex mánuðum ársins 1993.

Útgjöld heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins jukust um 739 milljónir króna eða 3,3%. Útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs hækkuðu um 484 milljónir króna og atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna um 58 milljónir króna. Eins og áður kom fram lækkuðu hins vegar útgjöld almannatrygginga um 115 milljónir króna milli fyrri hluta árána 1992 og 1993. Útgjöld sjúkrahúsanna þriggja í Reykjavík hækkuðu um 123 milljónir króna eða um 2,5%. Það svarar til raunlækkunar útgjalda frá fyrri helming ársins 1992 til júníloka 1993.

Rekstur annarra sjúkrahúsa hækkaði um 125 milljónir króna eða um 7,0% og útgjöld heilsugæslustöðva um 55 milljónir króna eða 8,3%.

Útgjöld fjármálaráðuneytis hækkuðu um 176 milljónir króna eða 2,6%. Útgjöld skattkerfisins og innheimtukostnaður jukust um 106 milljónir króna, m.a. vegna nýs embættis skattrannsóknastjóra ríkisins, ýmiss kostnaðar vegna skattamála og gjaldheimtana og innheimtukostnaðar. Greiðslur vegna uppbóta á lífeyri hækkuðu um 99 milljónir króna og vaxtagreiðslur ríkissjóðs um 173 milljónir króna. Útgjöld vegna fasteignakaupa og stofnkostnaðar við ýmsar fasteignir ríkissjóðs lækkuðu hins vegar um 146 milljónir króna.

Gjöld iðnaðarráðuneytisins hækkuðu um 96 milljónir króna eða um 21,3% sem skýrist einkum af því að niðurgreiðslur á rafhitunarkostnaði jukust um 51 milljón króna. Þá jukust framlög til Orkusjóðs um 24 milljónir króna.

Tilflutningur fjárheimilda milli fjárlagaáranna 1992/1993

Með frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 1992 er samþykkt var á Alþingi í desembermánuði 1992 fylgdi sem fylgiskjal yfirlit um flutning inneigna og skulda hjá A-hluta stofnunum. Þar var gert ráð fyrir að flutningur fjárheimilda vegna rekstrar næmi 911,6 milljónum króna, frá þeirri fjárhæð skyldi dragast rekstrarskuldir að fjárhæð 780,2 milljónir króna. Þannig var gert ráð fyrir að nettó aukning fjárheimilda á árinu 1993 næmi 131,4 vegna rekstrartilfærslna. Þessu til viðbótar var gert ráð fyrir flutningi vegna stofn- og viðhaldsframlaga að fjárhæð 739,0 milljónir króna eða samtals 870,4 milljónir króna sem útgjaldahliðar fjárlaga 1993 myndu hækka um vegna flutnings fjárheimilda frá árinu 1992.

Af þeirri fjárhæð sem lækka átti fjárheimildir ársins 1993 er ljóst að 542,0 milljónir króna munu ekki ná fram að ganga. Þar er annars vegar um að ræða 200 milljónir króna vegna lyfjakostnaðar sjúkratrygginga. Í fjárlögum ársins 1993 er gert ráð fyrir að framlög vegna lyfja nemi 2.540 milljónum króna. Framlög til lyfjakostnaðar fyrstu sex mánuði þessa árs og áætlun um framlög það sem eftir er ársins gera ráð fyrir að þau rúmist innan fjárlagaheimilda ársins 1993.

Þá var hins vegar á árinu 1992 áætlað að afla Hafrannsóknastofnun sértekna með sölu aflaheimilda að fjárhæð 462,5 milljónir króna, en reyndin varð hins vegar sú að aðeins seldust aflaheimildir fyrir rúmlega 100 milljónir króna auk þess sem verðið lækkaði. Gert var ráð fyrir að selja óseldar aflaheimildir frá árinu 1992 á þessu ári fyrir um 342 milljónir króna. Nú liggur fyrir ákvörðun stjórnvalda um að falla frá sölu aflaheimilda en úthluta þeim þess í stað án endurgjalds.

Tilflutningur stofn- og viðhaldsframlaga frá árinu 1992 til ársins 1993 er að fjárhæð 739,0 milljónir króna. Samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 86/1993 um efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga er fjármálaráðherra heimilt að verja á árinu 1993 allt að

1,0 milljarði króna til atvinnuskapandi aðgerða, einkum til fjárfestinga og viðhalds. Samkvæmt yfirliti frá fjármálaráðuneytinu um skiptingu á einstökum viðfangsefnum eru tæplega 560 milljónir króna veittar til verkefna sem heimild var fyrir í fjárlögum 1992 en ekki var ráðist í þá og eru því hluti tilflutnings frá síðasta ári.

	m.kr.
Rekstrarinneign, hækkun	911,6
Stofn- og viðhaldsframlög	739,0
Rekstrarskuldir, lækkun	-780,0
Samtals nettó	870,6
Skuldir v/sjúkratr. og sölu aflaheimilda	542,0
Stofnframlög (innifalið 1,0 milljarður króna 1993)	-558,0
Hækkun gjaldahliðar v/flutnings frá árinu 1992	854,6

Framkvæmd lánsfjárlaga fyrir árið 1993

Samkvæmt 1. grein lánsfjárlaga fyrir árið 1993 o.fl. er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að taka lán að fjárhæð allt að 15.970 milljónir króna. Gert var ráð fyrir að afla lánsfjár innanlands að fjárhæð 10.300 milljónir króna og að erlend lántaka yrði að fjárhæð 5.670 milljónir króna.

Heildarlánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs var áætluð 15.400 milljónir króna í fjárlögum ársins 1993. Af þeirri fjárhæð er fjármálaráðherra heimilt skv. 3 grein lánsfjárlaga 1993 að endurlána 5.620 milljónir króna. Við afgreiðslu lánsfjárlaga var lántökuheimildin hækkuð um 570 milljónir króna sem skiptist þannig að 400 milljónir króna eru vegna A-hluta ríkissjóðs til að mæta tekjutapi m.v. áætlun fjárlaga vegna virðisaukaskatts v/húsbygginga. Þá var ákveðið að heimila fjármálaráðherra að endurlána til Byggðastofnunar og Íslenska járnblendifélagsins hf. allt að 170 milljónir króna. Þar sem lánsfjárlög voru ekki afgreidd af Alþingi fyrr en í janúar 1993 var ekki gerð grein fyrir þessari aukningu í 1. grein fjárlaga fyrir árið 1993.

Til loka júnímánaðar 1993 var búið að endurlána 2.775,2 milljónir króna sem skiptast þannig:

Fjárhæðir í milljónum króna	Afgreitt	Lánsfjárlög
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.930,0	3.900,0
Atvinnutr.d. Byggðastofnunar	700,0	1.300,0
Alþjóðaflugþjónustan	127,0	290,0
Síldarverksmiðja ríkisins	0	130,0
Íslenska járnblendifélagið hf.	0	150,0
Byggðastofnun	0	20,0
Samtals	2.757,0	5.790,0
Herjólfur hf.	2,0	2,0
Vestmannaeyjakaupstaður	16,2	16,2
Alls	2.775,2	5.808,2

Lánveiting til Vestmannaeyjakaupstaðar er skv. 5. grein lánsfjárlaga 1993 og vegna Herjólfss hf. skv. 5. grein lánsfjárlaga fyrir árið 1992.

Erlendar lántökur A-hluta ríkissjóðs til júníloka námu 5,0 milljörðum króna sem er tæplega 90% af erlendum lántökuheimildum ársins. Innlendar lántökur án lántöku vegna sérlaga námu á árinu 1993 5,3 milljörðum króna sem er tæplega helmingur þess sem áformað er að afla innanlands.

Launakostnaður A-hluta ríkissjóðs fyrri hluta árs 1993 í samanburði við sama tímabil 1992.

Alls fækkaði ársverkum hjá þeim A-hluta stofnunum sem starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins sér um launavinnslu fyrir um 203 ársverk fyrstu 6 mánuði ársins miðað við sama tímabil árið 1992. Heildarfjöldi reiknaðra ársverka var 18.203 til samanburðar við 18.406 á fyrra ári.

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu ársverka eftir uppruna fyrstu 6 mánuði árána 1992 og 1993.

Ársverk	1993	1992	Breyt. ásv.	Breyt. í %
Dagvinnulaun	14.995	15.147	- 152	- 1,0
Yfirvinna	3.208	3.259	- 51	- 1,6
Samtals	18.203	18.406	- 203	- 1,1

Launagjöld stofnana í A-hluta fjárlaga sem starfsmannaskrifstofan sér um afgreiðslu á námu um 13,1 milljörðum króna fyrstu 6 mánuði ársins 1993. Í þeirri fjárhæð eru um 300 milljónir króna vegna samninga um afturvirkar launahækkunar. Að teknu tilliti til þeirra hækkana hafa launagjöld hækkað um 200 milljónir króna frá fyrra ári. Þegar mið er tekið af meðalhækkun launa starfsmanna ríkisins samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands hafa launagjöld ríkisins lækkað um 100 milljónir króna á fyrri hluta ársins.

Útgjöld almannatrygginga á fyrri hluta árs 1993 í samanburði við sama tímabil árið 1992

Greiðslur ríkissjóðs vegna almannatrygginga námu 12.545 milljónum króna á fyrstu sex mánuðum ársins 1993 og lækkuðu að raunvirði um 466 milljónir króna frá sama tímabili fyrra árs. Lækkunin svarar til 3,6%. Lækkunin skýrist einkum af lækkun útgjalda sjúkratrygginga um 449 milljónir króna eða um 8,7% að raunvirði.

Útgjöld Tryggingastofnunar ríkisins vegna almannatrygginga voru eftirfarandi á fyrri hluta ársins 1993 í samanburði við fyrri hluta ársins 1992:

Verðlag ársins 1993

Almannatryggingar Í milljónum króna	Greitt 1993	Greitt 1992	Frávik	Frávik %
Lífeyristryggingar	7.593	7.540	53	0,7
Sjúkratryggingar	4.298	4.893	-595	-12,2
Slysatryggingar	311	313	-2	-0,8
	12.202	12.747	-545	-4,3

Útgjöld Tryggingastofnunar eru nokkuð frábrugðin greiðslum ríkissjóðs á tímabilinu og kemur frávikid fram á viðskiptareikningum stofnunarinnar við ríkissjóð og bættri sjóðsstöðu við vörslusjóði í júnílok 1993.

Útgjöld lífeyristrygginga hækkuðu um 53 milljónir króna á fyrri helmingi þessa árs í samanburði við sama tímabil ársins 1992 eða sem svarar til 0,7%. Breytingar á útgjöldum einstakra bótaflokka voru eftirfarandi:

Verðlag ársins 1993

Lífeyristryggingar Í milljónum króna	Greitt 1993	Greitt 1992	Frávik	Frávik %
Lífeyrisgreiðslur	4.721	4.584	137	3,0
Sjómannalífeyrir	37	48	-11	-23,4
Örorkugreiðslur	1.604	1.467	137	9,4
Barnalífeyrir	264	184	80	43,5
Ekkju- og ekklabætur	76	82	-6	-7,6
Framlög til einstæðra foreldra	134	412	-278	-67,5
Makabætur	15	15	0	-2,7
Fæðingarorlof	600	592	8	1,4
Bifreiðastyrkir	119	131	-12	-8,8
Endurhæfingarlífeyris	23	26	-3	-10,5
Lífeyristryggingar alls	7.593	7.540	53	0,7

Breytingar á útgjöldum einstakra bótaflokka eru mismiklar milli ára. Þannig lækkuðu greiðslur til einstæðra foreldra um 278 milljónir króna en á móti jukust meðlagsgreiðslur, sem greiðast af meðlagsgreiðendum í gegnum sveitarfélögin, um samsvarandi fjárhæð vegna hækkunar á lágmarksupphæð slíkra greiðslna. Lífeyrisgreiðslur jukust um 137 milljónir króna og örorkugreiðslur um sömu fjárhæð.

Útgjöld sjúkratrygginga drógust saman um 595 milljónir króna, sem svarar til 12,2% að raunvirði. Lækkun útgjalda einstakra bótaflokka var sem hér segir milli fyrri helminga árána 1992 og 1993:

Verðlag ársins 1993

Sjúkratryggingar Í milljónum króna	Greitt 1993	Greitt 1992	Frávik	Frávik %
Langlega, dagvist, daggjöld	1.161	1.167	-6	-0,6
Hjálpartæki	237	259	-22	-8,5
Útgjöld skv. 39. grein	177	211	-34	-16,0
Sjúkrakostnaður erlendis	80	114	-34	-29,9
Læknakostnaður	565	638	-73	-11,5
Tannlæknar	326	484	-158	-32,7
Sjúkrakostnaður innlendur	383	497	-114	-23,0
Lyf	1.115	1.276	-161	-12,6
Annað	254	246	8	3,4
Sjúkratryggingar alls	4.298	4.893	-595	-12,2

Lækkunin kemur fram á veflestum bótaflokkum sjúkratrygginga. Útgjöld vegna tannlæknakostnaðar lækkaði um 158 milljónir króna, læknakostnaður um 73 milljónir króna og innlendur sjúkrakostnaður um 114 milljónir króna. Þá lækkaði lyfjakostnaður um 161 milljón króna á fyrstu sex mánuðum þessa árs í samanburði við sama tímabil ársins 1992.

Útgjöld slysatrygginga voru svo til óbreytt milli fyrri helminga árána 1992 og 1993. Breytingar einstakra bótaflokka voru eftirfarandi:

Verðlag ársins 1993

Slysatryggingar Í milljónum króna	Greitt 1993	Greitt 1992	Frávik	Frávik %
Stjórnendur bifreiða	102	86	16	18,2
Launþegar, sjómenn	88	85	3	3,2
Launþegar, aðrir en sjómenn	55	49	6	11,5
Bændur, makar þeirra og börn	8	8	0	-2,7
Sjúklingatryggingar	4	2	2	94,6
Annað	54	82	-28	-34,3

Slysatryggingar alls	311	313	-2	-0,8
----------------------	-----	-----	----	------

Afkomuhorfur A-hluta ríkissjóðs í árslok 1993

Ríkisendurskoðun hefur reynt að meta væntanlega afkomu A-hluta ríkissjóðs í árslok 1993. Við það mat er m.a. stuðst við upplýsingar um greiðsluafkomu fyrstu sex mánuði þessa árs. Þá liggja nú fyrir upplýsingar um álagningu beinna skatta á árinu 1993, svo og ýmsar ákvarðanir ríkisstjórnarinnar sem teknar hafa verið á fyrri helmingi þessa árs sem hafa áhrif á afkomu ríkissjóðs í ár sbr. bráðabirgðalög um efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga.

Niðurstöður Ríkisendurskoðunar eru þær, að ef stjórnvöld taka engar nýjar ákvarðanir í ríkisfjármálum það sem eftir er ársins og að verðlags- og launaþróun haldast innan viðmiðunarmarka mun lánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs aukast um 7,5 til 8,0 milljarða króna eða úr 15,4 milljörðum króna eins og fjárlög ársins gerðu ráð fyrir í 23,0 til 23,5 milljarða króna. Að frádreginni afborgun lána ríkissjóðs er hrein lánsfjárförf áætluð um 17,0 milljarðar króna og hækkar um svipaða fjárhæð og heildarlántökur ársins. Meðtalin í lántökum ríkissjóðs á árinu 1993 er lántaka vegna Landsbanka Íslands og lokauppkaupt á fullvirðisrétti bændu samtals að fjárhæð 2,7 milljarðar króna. Mat á rekstrarafkomu A-hluta ríkissjóðs í árslok þessa árs eru að rekstrarhallinn muni verða á bilinu 14,0 til 14,5 milljarðar króna að meðtöldum framlögum til Landsbanka Íslands og lokauppgjöri vegna fullvirðisréttar. Í fjárlögum ársins 1993 var gert ráð fyrir rekstrarhalla A-hluta ríkissjóðs að fjárhæð 6,2 milljarðar króna og gerir stofnunin því ráð fyrir að hann aukist um rúmlega 8,0 milljarða króna.

Helstu breytingar á áætlun tekna A-hluta ríkissjóðs á árinu 1993 eru þær, að beinir skattar lækka um 500 milljónir króna, óbeinir skattar lækka um 1,7 milljarða króna og sala eigna lækkar um 1,3 milljarða króna eða samtals lækkun um 3,5 milljarða króna.

Hækkun á áætluðum útgjöldum A-hluta ríkissjóðs má einkum rekja til eftirfarandi atriða.

- ◆ Ráðstöfun vegna kjarasamninga 1,3 milljarðar króna.
- ◆ Aukin framlög til atvinnuleysistryggingasjóðs 1,3 milljarðar króna.
- ◆ Til landbúnaðarmála um 0,4 milljarðar króna að meðtöldum uppkaupum á fullvirðisrétti.
- ◆ Framlög til Landsbanka Íslands 2,0 milljarðar króna.
- ◆ Flutningur fjárheimilda milli fjárlaga o.fl. um 0,8 milljarðar króna.

Á móti hækkun útgjalda er áætlað að vaxtakostnaður ríkissjóðs og framlög til átaks á sviði rannsókna og þróunarmála er tengjast sölu ríkisfyrirtækja verði um 1,0 milljarði króna lægri en fjárlög gera ráð fyrir.